

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 10/94  
frá 12. ágúst 1994**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn  
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 1. gr. bókunar 31 við samninginn er mælt fyrir um samvinnu á sviði rannsókna og tækniþróunar að því er varðar framkvæmd þriðju rammaáætlunar bandalagsins (1990-1994)<sup>(1)</sup> með einstökum áætlunum þess.

Rétt er að færa þessa samvinnu út þannig að hún taki til framkvæmdar fjórðu rammaáætlunar bandalagsins (1994-1998)<sup>(2)</sup> með einstökum áætlunum þess.

Því ber að breyta bókun 31 til að gera ráð fyrir þessari útfærðu samvinnu frá þeim degi þegar framannefnd fjórða rammaáætlun var samþykkt.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

1. gr.

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr. bókunar 31 við samninginn:

„1. gr.

Rannsóknir og tækniþróun

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 126, 18.5.1994, bls. 1.

- „1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1994 taka þátt í framkvæmd rammaáætlunar um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar sem um getur í 5. mgr. með þátttöku í einstökum áætlunum.
2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirrar starfsemi sem um getur í 5. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í öllum nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun, mótun og framkvæmd starfseminnar sem um getur í 5. mgr.
4. Vegna hinnar sérstöku samvinnu sem fyrirhuguð er á sviði rannsókna og tækniþróunar skulu fulltrúar EFTA-ríkjanna að auki eiga hlut að nefnd um vísinda- og tæknirannsóknir (CREST) og öðrum nefndum EB sem framkvæmdastjórn EB hefur samráð við á þessu sviði, að því leyti sem slíkt er nauðsynlegt til að tryggja góða samvinnu.
5. Eftirfarandi gerðir bandalagsins svo og gerðir sem af þeim leiðir falla undir þessa grein:
  - 390 D 0221: Ákvörðun ráðsins 90/221/EBE/KBE frá 23. apríl 1990 um rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1990 til 1994) (Stjtið. EB nr. L 117, 8.5. 1990, bls. 28).
  - 394 D 1110: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1110/94/EB frá 26. apríl 1994 um fjórðu rammaáætlun um starfsemi Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1994 til 1998) (Stjtið. EB nr. L 126, 18.5.94, bls. 1).
6. Mat og veruleg stefnubreyting hvað varðar starfsemi sem tengist rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar sem um getur í 5. mgr. skal fara fram með þeim hætti sem um getur í 3. mgr. 79. gr. samningsins.
7. Samningurinn skal gilda með fyrirvara annars vegar um tvíhliða samvinnu innan rammaáætlunar um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1987-1991) og hins vegar um tvíhliða rammamarkmiðun um samvinnu á sviði

vísinda og tækni milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna, að því leyti sem þeir varða samvinnu sem fellur ekki undir samninginn.<sup>(1)</sup>

-----  
(<sup>1</sup>) 387 D 0516: Ákvörðun ráðsins 87/516/KBE/EBE frá 28. september 1987 (Stjttð. EB nr. L 302, 24.10.1987, bls.1.)“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. nóvember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. ágúst 1994

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

H. Hafstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker